

Ed.

690. Breytingartillögur

[182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist:

Aftan við 13. gr. laganna bætist nýr liður, sem verður F-liður: Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.

2. Við 5. gr. Aftan við gr. bætist:

4. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skatt-rannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bóku-um og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtals-skyldra aðila, svo og allra stofnana, féлага og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upp-lýsingar, er máli skipta.

3. Við 6. gr. Framan við gr. bætist:

3. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með hönd-um rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknar-starfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

4. Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar gr., svo hljóðandi:

a. 48. gr. laganna orðist svo:

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggja ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla.

b. Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Við 1. mgr. 51. gr. laganna bætist:

Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

6. Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildinguna þess, færslu og geymslu.